

Ársáætlun 2024-2025
Langtímaáætlun innra mats 2024-2029

Auðarskóli



Innra mat Auðarskóla

Um innra mat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt þeim er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Innra mat á að leiða af sér aukin gæði skólastarfs og betri námsárangur. Það snýst fyrst og fremst um að bæta nám og velferð nemenda, námsárangur og námsaðstæður með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna. Tilgangur innra mats er því að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Það á við nám og námsárangur, eflingu fagmennsku starfsfólks og yfirsýn skólasamfélagsins á gæðum og árangri starfsins.

Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Á hverjum degi taka kennarar og aðrir starfsmenn ótal ákvarðanir sem byggja á mati, bæði formlegu og óformlegu, og ávallt skulu hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi.

Með innra matinu er starfsfólki skólans skapaður vettvangur til að auðvelda vinnu að umbótum og upplýsa yfirvöld og almenning um starfið. Innra mat er formlegt mat þar sem ákvarðanir eru teknar um skólastarfið byggðar á margvíslegum gögnum. Hluti þess er m.a. ástundun mats allra hópa skólasamfélagsins, sjálfsmati starfsfólks, mati á námi nemenda. Sjálfsmatið og mat þessara hópa verður því stöðugt að vera í gangi. Rannsóknir hafa sýnt að innra mat skóla er eitt lykilatriði í því að bæta skólastarf og mikilvægt að það sé langtímamiðað.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í innra mati. Ákveðin viðmið og leiðbeiningar um innra mat sem skólum er ætlað að uppfylla í mati sínu eru gefin út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu yfirvalda, menntastefnu Dalabyggðar og markmiðum skólans varðandi stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu og innra mat. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fimm ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Niðurstöður innra mats verða metnar jafnóðum af gæðaráði og í framhaldinu eru allir hagsmunaaðilar skólastarfs upplýstir um niðurstöðu þess.

Gæðaráð Auðarskóla hefur verið stofnað og tekur það við störfum og innra matsteymi undanfarinna ára. Ráðgjafi Ásgarðs mun ýta starfi ráðsins úr vör og styðja við störf þess á skólaárinu 2024-2025. Unnið verður eftir starfsáætlun ráðsins og fastir fundartímar eru skráðir í fundaáætlun skólans.

Í skjali þessu er að finna langtímaáætlun innra mats til fimm ára ásamt matsáætlun næsta skólaárs. Markmiðið er að allar áætlanir verði uppfærðar og endurskoðaðar í júní ár hvert.

Ársáætlun innra mats er einnig lögð fram og þar kemur fram hvað, hvenær og hvernig á að meta, hver ber ábyrgð á hverjum þætti, hver markhópurinn er, hvaða viðmiðum skólinn vill ná og hvernig niðurstöður eru birtar.

Samantekt innra mats hvers skólaárs er birt í innra matsskýrslu. Í skýrslu er að finna samantekt á styrkleikum starfsins, hvernig gekk að ná markmiðum og hvað megi betur fara og er birt í sérstakri umbótaáætlun.

Áætlanir innra mats, innra matsskýrsla og umbótaáætlun eru kynntar öllum hagsmunaaðilum og teknar til umræðu í skólaráði, á starfsmannafundum og í fræðslunefnd. Áætlanir og skýrslur eru birtar á heimasíðu skólans.

Ársáætlun 2024-2025

Tímabil	Matsverkefni Viðfangsefni	Hvernig á að meta?	Hver sér um matið?	Þátttakendur í matinu?	Viðmið - hvenær erum við ánægð	Birting
Ágúst Hlekkur á gæðaviðmið menntastefnu Dalabggðar kemur hér	Stjórnun og fagleg forysta -Skólanámskrá/ námsvísir -Starfsáætlun -Verklagsreglur	Endurskoðun og uppfærsla upplýsinga	Skólastjóri	Skóla- stjórnendur	Til séu virkar áætlanir og námskrá sem uppfylli lög, reglugerðir, menntastefnu og aðalnámskrá	Birt á heimasíðunni og sent í tölvupósti
September	Stjórnun og fagleg forysta -Öryggisþættir	Rýming æfð með slökkviliði. -Farið yfir staðsetningar slökkvitækja og neyðaropa. -Farið yfir öryggisþætti vegna framkvæmda íþróttamannvirkis.	Skólastjórnendur	Allir(börn, nemendur, starfsfólk, Fræðslunefnd, Skólaráð, Umsjónar- maður framkv.	Þegar til staðar er áætlun og unnið er eftir henni-Hún æfð Að farið sé eftir ítrustu öryggiskröfum.	Samantekt í skýrslu um innra mat 2025

Október	Nám og kennsla -Viðhorf og þátttaka nemenda -Líðan og velferð	Gátlisti gæðaviðmiða Nemendakönnun Skólapúls Nemendakönnun 2.-5. b og 6.-10.b Nemendakönnun Skólapúls Nemendaviðtöl Gátlisti gæðaviðmiða	Skólastjóri Gæðaráð	Nemendur	A.m.k. 90% nemenda ánægðir eða mjög ánægðir, jafnrétti ríki. Líðan teljist góð. Annars umbætur. Að a.m.k. 90% nemenda líði vel. Annars umbætur.	Á heimasíðu ópersónurekjanlegt. Samantekt í skýrslu um innra mat 2025.
Nóvember						
Desember						
Janúar	Stjórnun og fagleg forysta -Öryggisþættir	Rýming æfð Farið yfir staðsetningar slökkvitækja og neyðaropa	Skólastjórnendur	(Börn, nemendur, starfsfólk)	Þegar til staðar er áætlun og unnið er eftir henni-Hún æfð	Samantekt í skýrslu um innra mat 2025

Tímabil	Matsverkefni Viðfangsefni	Hvernig á að meta?	Hver sér um matið?	Þátttakendur í matinu?	Viðmið - hvenær erum við ánægð	Birting
Febrúar	Stjórnun og fagleg forysta -Tengsl við foreldra og viðhorf	Mat á gæðaviðmiðum um tengsl og samstarf foreldra og skóla. Foreldrakönnun Skólapúls	Skólastjóri Gæðaráð	Foreldrar	Að a.m.k. 90% foreldra séu ánægðir og telji skólann góðan og faglegan stað þar sem traust ríkir og upplýsingaflæði sé gott. Annars umbætur.	Á heimasíðu ópersónurekjanlegt. Samantekt í skýrslu um innra mat 2025
Mars	Nám og kennsla -Viðhorf og þátttaka nemenda -Líðan og velferð	Fundur skólaráðs (opinn öllum).?? Nemendakönnun Skólapúls Nemendaviðtöl Gátlisti gæðaviðmiða	Skólastjórnendur/ Gæðaráð Skólaráð???	Nemendur	A.m.k. 90% nemenda ánægðir eða mjög ánægðir, jafnrétti ríki. Líðan teljist góð. Annars umbætur. Skólaráð er virkt og fundar reglulega samkvæmt starfsáætlun og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans. Samstarf við aðra er faglegt og uppbyggjandi.	Á heimasíðu ópersónurekjanlegt. Samantekt í skýrslu um innra mat 2025 Fundargerð skólaráðs á heimasíðu
Apríl	Örkannanir: Afmarkaðir þættir skólastarfs	Spurningalistar til markhópa	Skólastjórnendur/ Gæðaráð	Fer eftir markmiðum könnunar	Ef sátt/ánægja ríkir um viðfangsefni, annars umbætur.	Samantekt í skýrslu um innra mat 2025

Tímabil	Matsverkefni Viðfangsefni	Hvernig á að meta?	Hver sér um matið?	Þátttakendur í matinu?	Viðmið - hvenær erum við ánægð	Birting
Maí	Mat á starfsemi skólans a-ö	Rýnihópar	Skólastjórnendur Starfsfólk Skólaráð Gæðaráð Fræðslunefnd	Allir í skólasam- félaginu	Þegar náðst hefur að setja fram styrkleika og tækifæri til þess að þróa skólastarfið áfram á faglegan og uppbyggjandi hátt.	
Júní	Stjórnun -Mat á starfsáætlun	Skólastjórnendur fara yfir alla þætti áætlunar	Skólastjórn	Skólastjórn	Þegar starfsáætlun er virk og gengur að mestu eftir. Þegar mat er gert á henni að vori og endurskoðun byggð á því.	Samantekt í skýrslu um innra mat í júní 2025
	Innra mat -Gerð skýrslu um innra mat og umbótaáætlun	Samantekt innra og ytra mats vetrarins	Gæðaráð	Gæðaráð	Þegar skýrslan er klár og komin í birtingu og lýsir styrkleikum skólans og tækifærum til umbóta. Þegar umbótum er fylgt eftir og þær metnar.	Birt á heimasíðu skólans, kynnt skólasamfélagi og lögð fjölskylduráð.

Langtímaáætlun 2024-2029

Viðfangsefni (Hér mun koma hlekkur á gæðaviðmið menntastefnu Dalabyggðar) Ný viðmið MMS grunnskóla 2022	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun	x		x		x
Faglegt samstarf og samræða	x	x		x	
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	x		x		x
Umbætur og innleiðing breytinga	x	x	x	x	x
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	x	x	x	x	x
Starfsmannastjórnun og verkaskipting		x		x	
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks.		x		x	
Nám og kennsla					
Inntak og námskrá	x	x		x	
Árangur náms	x	x	x	x	x

Gæði kennslu	x	x	x	x	x
Skipulag náms	x	x		x	
Námsvitund	x		x		x
Ábyrgð og þátttaka	x		x		x
Innra mat					
Skipulag	x	x		x	
Framkvæmd	x	x		x	
Umbætur	x	x		x	

Birt í október 2024

Næsta endurskoðun í júní 2025

Gæðaráð Auðarskóla